7.

Stjörnuspárnar rætast!

1 blað qto. og blaðaúrklippa úr Morgunblaðinu 5. ágúst 1943 með greininni:
Stjörnuspár eftir Jón Árnason prentara.

Morgunblaðið 5. ágúst 1943.



# STJÖRNUSPÁR

*Eftir Jón Árnason, prentara*

**Ágústmánuður.** — Í **Washington** er Mars á austursjóndeildarhring í Nauti. Hefir hann góða afstöðu til Venusar í Mey í 5. húsi. Baráttuandinn mun vaxa og sigurvissa unga fólksins og hersins. Fjármálin ættu að vera í góðu lagi. Samt má búast við verulegum örðugleikum í þessu efni um og eftir 22. ágúst. Ágúst-stundsjáin er ein hin sjerkennilegasta á þessu ári. Plútó og Júpíter eru í samstæðu í Ljóni á miðnæturmarki. Það gæti bent á eldsvoða. Jarðskjálfti gæti átt sjer stað og jarðbyltingar. Tunglmyrkvinn (15.) mun gera áhrifin ennþá athugaverðari. Munu báðir þessir myrkvar hafa slæm áhrif á jarðargróða og kunnur leiðtogi gæti horfið úr þessum heimi. Baráttukjarkurinn mun eigi dvína, þó að örðugleika ýmsa sje við að stríða. Án efa verður styrjaldarörðugleika að fást við. Veðurfar mun óhagstætt og heilsufar mun ekki gott.

Í London hefir sólmyrkvinn aðra afstöðu. Það bendir á miklar breytingar. Er þetta óheillaafstaða fyrir þjóðina. England verður að vera vel á verði. Óákveðni ræður í kosningu nýrra leiðtoga. En **England** er á sigurbraut, Mars í 10. húsi.

Stundsjá **Þýskalands** er sterk, en óheillavænleg. Mars er á 10. stigi í Nauti, í samstæðu við Mars og Venus í stundsjá Hitlers. Þetta bendir á örðugleika, truflanir og hættur. Sólmyrkvinn er óheillavænlegur þjóðinni. Utanaðkomandi árásum má búast við frá öðrum þjóðum og einnig innanlandsárásum.

Norðurálfan mun verða í raunverulegu byltingaástandi. Veðurfarið og jarðskjálftar mun verða hættulegt í þessum hluta heims. **Búast má við að Spánn verði athafnasamur** í heimulegum utanríkisviðskiftum og hótunum í garð hinna sameinuðu þjóða. Örðugleika er von úr þeirri átt. Sólmyrkvinn er á austursjóndeildarhring í Madríd og bendir á jarðhræringar. Afríka verður fyrir sterkum áhrifum frá þessum sólmyrkva, sem er í Ljónsmerki.

**Moskóva** hefir Úran í hádegisstað í stundsjá sinni. Miklar breytingar munu eiga sjer stað og hörð barátta. Margt nýtt kemur á dagskrá og róttækar breytingar í stjórnarháttum. En Rússar sigra Nazista var sagt fyrir í sambandi við það augnablik, er Hitler rjeðist á þá.

Í **Tokyo** er sólmyrkvinn í 9. húsi. Það fellir dóminn yfir stórveldisdraumum Japana — ekki undir eins, en þó óhjákvæmilega. Siglingahættur. Voðastormar munu geysa yfir Japan og nálæg lönd og hafið víða hættulegt siglingum.

Ágústmánuður er sjerstaklega áhættusamur fyrir Hitler. Aðstæður Mússólínis hafa aldrei verið jafn-ömurlegar og nú. Vitnisburður um orku Plútós í því að rífa niður byggingar reistar á sandi.

**Ísland.** — Tunglmánuðurinn 1. til 30. ágúst þ. á. hefst á sólmyrkva, sem er í 1. húsi. Aukin starfsemi og breytingar munu eiga sjer stað með þjóðinni, bæði í fjárhagslegu og öðru tilliti. Eru Sól og Tungl í samstæðu við Júpíter og Plútó. Eru áhrifasambönd þessi athugaverð og vega hvert upp á móti öðru, en þó mun Júpíter styrkja velfarnaðarafstöðuna að nokkru, en Satúrn vinna gegn henni og tefja framkvæmdir, en Úran mun aftur styrkja þær. Ríkisstjórnandi eða konungur gæti orðið fyrir örðugleikum eða aðkasti. Eyðing jarðargróða — korns — getur átt sjer stað.

Fjárhagur mun góður, því Sólin hefir flestar afstöður góðar. Júpíter og Venus í mjög mikilvægum og sterkum stöðum, sem bendir ótvírætt á aukinn fjárafla. Merkúr ræður 3. húsi, samgöngur innanlands, bókaútgáfu og blaða og póstflutningum. Hefir hann góða afstöðu til Úran, sem veitir styrk í gegnum símasambönd og löggjöf — en þó mun Satúrn draga dálítið úr þessu.

Landbúnaðurinn er undir góðum áhrifum, því Venus er í 4. húsi. Veðráttufar ætti að vera hagstætt.

Örðugleikum má búast við í sambandi við leikhús og leiklist og skemtistaði. Veikindum nokkrum mætti búast við vegna þess að Satúrn hefir áhrif í 6. húsi og fremur slæma afstöðu.

Satúrn hefir einnig áhrif á utanríkismálin og viðskifti við aðrar þjóðir, einkum Bandaríkin. Tafir og truflanir geta átt sjer stað. Hann ræður einnig utanlandssiglingum og mun tefja þær að einhverju leyti.

Stjórnin mun hafa fremur hagstæða aðstöðu, því Júpíter ræður 10. húsi og dregur úr lakari áhrifum, sem gætu orðið á vegum stjórnarinnar. Þó er ósjeð hvað sólmyrkvinn gerir að verkum.

Í sambandi við sólmyrkvann má geta þess, að jarðhræring gæti orðið á eftir honum. Er hann í miðnæturstað í Venezúela eða á þeirri lengdarlínu, í hádegisstað um Java, en eigi allfjarri austursjóndeildarhring hjer.

**Jón Árnason, M.A.F.S.A.**

# Stjörnuspárnar rætast.

Hinn vitri spámaður spáði og sagði:

…„Stjórnin mun hafa fremur háa[lága] aðstöðu"…

Spáin rættist samdægurs í þessu landi:

Kyndarar á Siglufirði, 28 að tölu, fleygja frá sér kolaskóflunum, þegar en þeir höfðu allt að 4800 króna kaup á mánuði, hver þeirra, og til- kynna, með 2-3 kl.tíma fyrirvara, að þeir hætti að kynda undir síldar- gríti hins íslenzka ríkis, nema þeir fái ofurlitla kaupshækkun.—

Afleiðingin: Fremur há[lág] aðstaða fyrir ríkisstjórnina!

Vitringurinn spáir og segir:

…Aðstæður Mussólínis hafa aldrei verið jafn ömurlegar og nú"…

Spáin rættist 5 dögum <u>áður</u>: Mussi var flúinn frá völdum í ágúst og er nú landrækur um heim allan!

Afleiðingin: Styrjaldarörðugleikar valda því, að hugsast <u>geti</u>: að „Hummelíð-togi-<u>geti</u> hverfi úr þessum heimi".

Vitringurinn spáir og segir:

„Mars er á 10. stigi í Nauti" (þ.e. persónunauti Hitlers): Þetta bendir á örðugleika, truflanir og hættur."

Afleiðingin: „Rammvonlaust byltingaástand" og drengjagangur: M.A.F.S.A.

Spámaðurinn: M. A. F. S. A.